

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 237/2023 um gildistöku framkvæmdarreglna
framkvæmdastjórnarinnar um vernd heita á víni skv. 99. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður svohljóðandi:

35. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1875 frá 1. júlí 2024 um færslu heitis í skrána yfir verndaðar upprunatáknir og verndaðar landfræðilegar merkingar (Twente (VUT)). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2025 frá 7. febrúar 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 20. mars 2025, bls. 704.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 4. apríl 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Svava Pétursdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 15. apríl 2025